

30. desember 2020

# Snúum vörn í **sókn**

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra




# Margvísleg áhrif Covid-19

- Íþróttastarf hefur verið **fellt niður eða takmarkað verulega frá miðjum mars**

- Efnahagsleg áhrif faraldursins hafa **veruleg áhrif á tekjuöflun** íþrótta- og æskulýðsfélaga

- Hætta á **brotthvarfi iðkenda, þjálfara og starfsmanna úr íþróttastarfi**

# Covid-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á íþróttastarf í landinu

**16. mars**

Fyrstu takmarkanir á íþróttastarf

**6. október**

Keppni í efstu deildum frestað

**8. október**

Æfingum og keppni barna og unglinga frestað

Við erum að stíga inn í þetta ástand með aðgerðum sem eru afturvirkar til 1. október.

# Markmiðin skýr

- Að **tryggja áframhaldandi ráðningarsamband** þjálfara og annarra starfsmanna sem halda uppi íþróttastarfi í landinu

- Að **halda félögunum gangandi og brúa bilið** þangað til að starfið getur hafist að nýju

- Að sem **minnstar raskanir verði á íþróttastarfi** til lengri tíma litið vegna faraldursins




# Greiðslur vegna launa- og verktakakostnaðar íþróttafélaga

Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

# Greiðslur sem mæta launakostnaði

- **Stuðningur** til að **tryggja** áframhaldandi **ráðningarsamband** fólks sem starfar fyrir íþróttafélög
- Vinnumálastofnun **annast framkvæmd** greiðslna
- Opnað fyrir umsóknir í janúar næstkomandi
- Áætluð **fjárhæð** stuðnings er **allt að einn milljarður** króna

# Greiðslur til íþróttafélaga

- Íþróttafélög sem er gert að fella niður starfsemi, á tímabilinu 1. október 2020 til 30. júní 2021 geta sótt um **greiðslur vegna launakostnaðar**
- Gildir um **launa- og verktakagreiðslur**
- **Lögaðilar innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands**, þ.m.t. einstakar deildir sem starfa á vegum lögaðilans, falla undir úrræðið
- **Hámarksgreiðsla er 400.000 kr.** fyrir hvern launamann/verktaka

# Dæmi A

Launakostnaður íþróttafélags vegna launamanns/verktaka er 300.000 í janúarmánuði 2021 þegar félaginu hefur verið gert að fella tímabundið niður starfsemi vegna opinberra sóttvarnaráðstafana.

Starfsemin var þó einungis felld niður í tíu daga á tímabilinu vegna opinberra sóttvarnaráðstafana. Greiðslur til íþróttafélagsins nema því 32% af launakostnaðinum fyrir þann mánuð, eða sem nemur launakostnaði fyrir 10 daga af 31 degi í janúarmánuði.

Greiðslur til íþróttafélagsins nema því 32% af 300.000 kr., eða 96.000 kr.





# Dæmi B

Íþróttafélag sem hefur verið gert að fella niður starfsemi á tímabilinu frá 20. janúar til 5. febrúar 2021. Þá taka greiðslur mið af 11 dögum af 31 degi í janúarmánuði og 5 dögum af 28 dögum í febrúarmánuði.

Íþróttafélagið getur því í mesta lagi átt rétt á 35% af launakostnaði í janúarmánuði og 18% af launakostnaði í febrúarmánuði að teknu tilliti til hámarksgreiðslna í hvorum mánuði fyrir sig.



# Tímabundinn stuðningur til lágtekjuheimila vegna íþrótta- og tómstundastarfs barna

Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

# Tímabundinn íþrótta- og frístundastyrkur

- **900 milljónum króna** samtals veitt í verkefnið árin 2020 og 2021.
- Tæplega **13.000 börn** eiga rétt á íþrótta- og frístundastyrk.
- Mikilvægt að halda sem **flestum börnum virkum** í íþrótta- og frístundastarfi.
- Tryggjum **jafnt aðgengi** barna og unglinga að íþrótta- og tómstundastarfi.



# Hvernig virkar þetta?

Hægt er að nota íþrótta- og frístundastyrkina til þess að niðurgreiða þátttökugjöld vegna íþróttaiðkunar, tónlistanáms eða annarra tómstunda.

Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

# Styrkur til íþrótta- og frístundastarfs

- Styrkurinn er **45.000 kr. fyrir hvert barn**
- Hægt er að **sækja um** styrki til **1. mars** 2021.
- Miðað er við að íþrótta- og frístundaiðkunin **fari fram á skólaárinu 2020-21.**

## Hverjir geta sótt um?

- Hægt er að **sækja um styrk** til þess sveitarfélags sem þú ert búsett/ur í fyrir íþrótta- og tómstundastarfi barna sem **fædd** eru á árunum **2005-2014** og búa á heimilum þar sem **heildartekjur** heimilisins voru að meðaltali lægri en **740.000 kr.** á mánuði á tímabilinu **mars-júlí 2020**.

# Hvernig er sótt um?

- Þú ferð á **island.is** þar sem hægt er að kanna hvort þú eigir **rétt á styrk**.
- Ef þú færð svar um að þú eigir rétt á að sækja um styrk færð þú nánari upplýsingar um **næstu skref** á síðunni.
- Framkvæmdin er á höndum sveitarfélaga.

# Samantekt

- Stuðningur til að tryggja áframhaldandi ráðningarsamband fólks sem starfar fyrir íþróttafélög
- Vinnumálastofnun annast framkvæmd greiðslna
- 900 milljónir króna í íþrótta- og tómstundastyrki – sótt um á Island.is

**Stjórnarráð Íslands**
Félagsmálaráðuneytið